

107

31. ágúst

6. gr.

Brot á skyldum forðagæslumanns samkvæmt reglugjörð þessari varða sektum frá 5—50 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, sem rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. ágúst 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

108

20. sept.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Landsspítalasjóð Geirs Zoëga kaupmanns og frú Helgu Zoëga konu hans«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 20. sept. 1915. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Landsspítalasjóð Geirs Zoëga kaupmanns og frú Helgu Zoëga konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landsspítalasjóður Geirs Zoëga kaupmanns og frú Helgu Zoëga konu hans, og er stofnaður af gjöf Geirs kaupmanns Zoëga og konu hans í Reykjavík 26. maí 1915.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur. Vinnist sjóðnum frekara fje með gjöfum eða á annan hátt, skal varðveita það og verja því á sama hátt og fyrir er mælt í skipulagsskrá þessari um stofnfjeð.

3. gr.

Meðan stofnanda sjóðsins nýtur við, geymir hann fje sjóðsins og ávaxtar það, og skulu vextir allir lagðir við höfuðstól þangað til styrkveiting má fyrst fram fara samkvæmt skipulagsskrá þessari.

Deyi stofnandi áður en landsspítali er kominn á fót, eða áður en úthlutun styrks má fyrst fram fara, þá skal sjóðurinn afhentur landsstjórninni til varðveislu og ávöxtunar, hún úthlutar og styrk úr sjóðnum, ef til kemur, þangað til sú nefnd manna, sem gert er ráð fyrir í 6. gr., getur tekið til starfa. **108** 20. sept.

Ef landsspítali kemst á fót, eða styrkúthlutun má fram fara samkvæmt skipulagsskrá þessari, áður en stofnandi fellur frá, afhendir hann sjóðinn til varðveislu og ávöxtunar svo sem fyrir er mælt í skipulagsskránni.

4. gr.

Þegar landsspítali í Reykjavík tekur til starfa, má á ári hverju verja alt að $\frac{3}{4}$ af árstekjum sjóðsins fyrir umliðið ár til meðgjafar eins eða fleiri sjúklinga úr Reykjavík, sjerstaklega þeirra sem þurfa mikilvægrar skurðlækningar, og sem stjórnendum sjóðsins þykir maklegir styrksins.

Nú stendur eitthvert ár svo á, að stjórnendum sjóðsins þykir ekki ástæða til að veita neinum sjúklingi úr Reykjavík spítalastyrk, eða að meira fje er fyrir hendi til úthlutunar en nauðsynlega þarf til styrktar sjúklingum úr Reykjavík, og má þá veita á sama hátt styrk þurfandi utanbæjarsjúklingum.

5. gr.

Verði landsspítalinn ekki kominn á fót og tekinn til starfa 26. maí 1920, má verja alt að $\frac{1}{3}$ af ársvöxtum sjóðsins fyrir umliðið ár og þangað til landsspítali tekur til starfa, til styrktar sjúklingum á öðrum spítala í Reykjavík samkvæmt þeim reglum, sem teknar eru fram í næstu grein á undan.

6. gr.

Sjóðurinn skal standa undir umsjón og eftirliti landsstjórnariunnar, sem sjer um að hann sje varðveittur og ávaxtaður á tryggilegan hátt.

Úthlutun styrktarjár úr sjóðnum hefir á hendi nefnd manna: Yfirlæknirinn við Landsspítalann eða yfirlæknirinn við handlækningadeild, ef enginn er yfirlæknir spítalans, og tveir menn, sem hann tilnefnir, og skal annar vera læknir við spítalaun, en hinn dómkirkjuprestur.

Sama nefnd hefir á hendi alla umsjá með sjóðnum, geymslu hans og ávöxtun eftir að hún tekur við honum. Hún birtir reikninga sjóðsins árlega í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Leita skal konuglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá.

Reykjavík, 24. ágúst 1915.

G. Zoëga.

Helga Zoëga.